

65
20. des.

OPIÐ BRJEF

er

stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 9. febrúar 1927.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 9. febrúar 1927.

Um leið og Vjer birtum þetta bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Christiansborg, 20. desember 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.